

2. fundur

Jafnréttisnefndar Húnavatnshrepps
haldinn á Litlu-Giljá, fimmtudaginn 27. okt.2011.

Mæting samkvæmt undirskrift.

Farið var yfir jafnréttisáætlun Húnavatnshrepps.
Gerir nefndin ráð fyrir að unnið sé samkvæmt 2.mgr. 18.gr. laga no. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna.

Rétt þykir þó, að vekja athygli á, að eini stóri vinnustaður í Húnavatnshreppi er Húnavallaskóli, en þar eru kennarar allflestir konur, skólabílstjórar karlar og aðrir starfsmenn konur.

Þá er því beint til skólayfirvalda;

- að þau sjái til þess að námsefni mismuni ekki kynjum.
- að sjálfstyrking sé sjálfsagður hluti námsins á öllum skólastigum.
- að skólinn leggi áherslu á að búa bæði kynin undir ábyrgð og skyldur fjölskyldu- og atvinnulífs.
- að skólinn geri átak í því að kynna nám í hefðbundnum karlagreinum fyrir stelpum og hefðbundnum kvennagreinum fyrir stráku.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Halldóra Á Heyden Gestsdóttir

Þorsteinn Jóhannsson
formaður

Sigrún Grímsdóttir